

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 496, 16. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um vitagjald.

1. gr.

Vitagjald kr. 90,00 af hverri brúttórúmllest skal greiða vegna skipa sem eru 10 brúttórúmllestir eða stærri og taka höfn hér á landi og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 14,00.

2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum eða af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða $\frac{1}{5}$ hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftar en fimm sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælifréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 589 16. desember 1991.

Samgönguráðuneytið, 22. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárliðir.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

	Án Vsk	Með Vsk
Orkugjald	6,65	8,28 kr/kWh
Fastagjald F1	3 530,00	4 394,85 kr/ári

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð.

	Án Vsk	Með Vsk
Orkugjald	6,65	8,28 kr/kWh
Fastagjald 3xF1	10 590,00	13 184,55 kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

	Án Vsk	Með Vsk
Orkugjald	6,92	8,62 kr/kWh
Fastagjald F1	3 530,00	4 394,85 kr/ári

A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarústöðum og sumarbúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

	Án Vsk	Með Vsk
Orkugjald	4,28	4,28 kr/kWh
Fastagjald 4xF1	14 120,00	17 579,40 kr/ári